

**Nd.**

**95. Tillaga til þingsályktunar**

[76. mál]

um athugun á kaupum og útgerð verksmiðjutogara.

Flm.: Haraldur Henrysson, Gísli Guðmundsson, Matthías Bjarnason,  
Bragi Sigurjónsson, Hjalti Haraldsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar þátttöku í athugunum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem miða að kaupum og útgerð verksmiðjutogara. Fáist jákvæðar niðurstöður af sameiginlegum athugunum, verði stefnt að því, að ríkið eigi aðild að framkvæmd þessa máls eða veiti þá aðstoð, sem nauðsynleg er. Verði Alþingi gerð grein fyrir gangi málsins, þegar er niðurstöður liggja fyrir.

## Greinargerð.

Nýlega skipaði stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands nefnd til athugunar á möguleikum á kaupum og útgerð verksmiðju-skuttogara. Nefndin, sem skilaði álitum fyrir nokkru, komst að þeirri niðurstöðu, „að rekstur á ca. 2 500 smálestu (brúttó) verksmiðju-skuttogara, búnum hagkvæmum nýtzku vinnsluvélum, sé sýnilega hagkvæmur og fjárhagslega öruggur miðað við núgildandi verðlag og afla, sem telja verður algjört lágmark á slíkt skip, reiknað með 300 úthaldsdögum“. Jafnframt segir, „að slík útgerð sé þjóðfélagslegt hagsmunamál, þar sem erlendur kostnaður, vegna kaupverðs á skipi, eldsneytiseyðslu og veiðarfæra, sé hverfandi miðað við gjaldeyrisöflun skipsins, eða mest fyrsta árið 20—25%.

Það þarf ekki að rekja, enda oft og víða verið gert á undanförunum árum, að togarafloti landsmanna, sem að meginstofni til var endurnýjaður fyrir liðlega 20 árum, er nú orðinn mjög úr sér genginn og ekki lengur fær um að gegna mikilvægu hlutverki sínu. Það er og ljóst, að við Íslendingar höfum mjög dregið aftur úr í úthafsfiskveiðum og höfum ekki hagnýtt okkur að neinu ráði þá tækni, sem í boði er til vinnslu fisks um borð í fiskiskipum. Undanfarið ár hefur mestur hluti fjárfestingar til sjávarútvegsins runnið til sildarútvegs og mest áherzla lögð á smíði vélbáta af stærri gerð, en hin þýðingarmikla togaraútgerð hefur verið algerlega vanrækt. Er nú svo komið, að miklum hluta togaraflotans hefur verið lagt þrátt fyrir gífurlega möguleika til gjaldeyrisöflunar.

Við endurnýjun á flota stærri fiskiskipa okkar hljótum við fyrst og fremst að hafa það í huga, að hin nýju skip geti sótt afla á hvaða fjarlæg mið sem er og jafnframt skilað afla sínum sem óaðfinnanlegri útflutningsvöru. En eigi þau skip, sem ætlað yrði að leita á fjarlægari mið, að geta skilað fullkominni markaðsvöru, er nauðsynlegt, að þau verði þannig útbúin, að þau geti sjálf unnið úr afla sínum og gert hann markaðshæfan. Aðrar þjóðir hafa þegar hagnýtt sér í ríkum mæli hina auknu tækni í fiskvinnslu, sem hefur gert kleift að vinna fiskinn um borð í veiðiskipunum þegar í stað. Íslenskir sjómenn hafa þannig árum saman fylgt með því á fiskveiðum sínum á djúpmiðum, hvernig aðrar fiskveiðarþjóðir breyta afla sínum á miðunum í dýrmæta markaðsvöru, á sama tíma og þeir sjálfir selja verulegt magn af sínum afla sem óunnið hráefni. Það væri hið mesta óráð og hörmuleg mistök, ef við nú leggjum í kaup á dýrum fiskiskipum án þess að taka tillit til hinnar auknu tækni í fiskvinnslu og þeirra möguleika, sem hún býður upp á. Það yrði til þess, að við drægjumst enn aftur úr á þessu sviði og stæðum enn hallari fæti í hinni hörðu samkeppni um fiskmarkaði.

Við endurnýjun togaraflotans fyrir rúmlega 20 árum gegndi ríkið forustuhlutverki, og án þeirrar forustu er hæpið, að endurnýjun togaraflotans hefði átt sér stað. Þarf ekki að lýsa því nú, hve mikla þjörg nýsköpunartogararnir svo nefndu hafa fært þjóðarbúinu á undanförunum tveimur áratugum. Engum er ljósari þörfin á endurnýjun þessa flota en sjómönnum, eins og hið lofsverða framtak F.F.S.Í. nú ber með sér. Má í því sambandi einnig minna á, að þessi sömu samtök beittu sér fyrir því í stríðslok, að verulegum hluta stríðsgróðans yrði varið til endurnýjunar togaraflotans. Það væri mikill ábyrgðarhluti og skammsýni að skella nú skollaeyrum við tillögum sjómanna og samtaka þeirra um þessi þýðingarmiklu málefni, og væri fagnaðarefni, ef samstaða gæti náðst milli þeirra og ríkisvaldsins um farsæla lausn þeirra.